

Gøprún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

34. ISBN 978-9935-409-33-1

heiðin

með inum vituga

Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norraen menning

+354 694 1264; +354 552 8080



heiðin -- með vitkanum

*-Ertu hér, Víðhöttur seiðskrati?
Talið þið mikið saman?
Hvers vegna viðurnefnið víðhöttur, Högni vitki?
Einsog Edda vé ása búið til úr Vedavyasa?*

-Já, við spjöllum mikið saman.
Víðhöttur er nýyrði Goprunar, búið til úr vidartha, sá sem hefur þekkingu að markmiði,

विदर्थ sbr. Síðhöttur (sjá 29., siddhartha)

Bhagavat-gítu VII 16 arthartha, auðhöttur, sá sem hefur hið æðsta að markmiði, þyrstir í þekkinguna miklu, en auður er hér andleg verðmæti, einsog í Auðvarður (Eðvarð), svo Hrói höttur, Hróðbjartur (Róbert), sem sumir segja að sé dulbúin heiðni í skógi, þess vegna með hettu, Robin Hood. Einsog Óðinn svo oft í dulargerfi á ferðum sín.

Gaman að nöfnum og viðurnefnum, litla ljúf.
Sumir segja um Hróa, að Hróðbjartur með rauðbristingsnafn, falinn í náttúrunni og með hettu, noti uglu-kúkú sem hljóðmerki, segi okkur eitthvað, og eitt er víst að fleiri en kommar og sósíalistar halda með Hróa en ekki sjerriffnum af Nottingham, eða hvað telur þú?

*-Ég get ekki annað en brosað að hugmyndafluginu!
En hvers vegna er heiðni kölluð náttúru trúarbrögð eða náttúru dýrðkun?
Segðið mér nú -- í löngu máli -- allt sem ykkur dettur í hug.
Ég hef endalausa unun af að hlusta á ykkur hugsa upphátt!!*

-Hæhæ!
má maður semsagt vera langorður og segja það sem manni dettur í hug!

Í fyrsta lagi færi vel á að kenna heiðni ekki í trúarbragðafræðslu í skólum, því slíkt er óhollt ungum börnum.

-Ha? Hvað meinarðu?

-Orðið trúarbrögð er síðaritímatilbúningur og á ekki við sið nema í því samhengi að gera lítið úr fornum siðum, en er lúmskt framleitt nýyrði til að hygla stríðstæki sem þar er nefnt þróuð trúarbrögð. Svo er siðurinn vor forni nefndur frumstæð trúarbrögð. En það er til að læða inn þeirri hugmynd að hann hafi gengið sér til húðar vegna inntaksleysis síns og þynnku, sem hentaði kjánnum / forfeðrum okkar (en allt flott hafi komið innflutt frá Róm).

Orðið trúarbrögð er ekki til í sanskrít, ekki neins staðar notað í fornnorrænu.

Það er búið að búa til helling af orðum sem forfeður okkar skyldu varla sæu þeir þau.

Þessi orð hafa ýmsan slæman tilganginn sem stríðir gegn lögmálum náttúrunnar, skemmtir Fenri og fæðir hann vel og fitar.

(Sjá 16. skráðu.)

Að fóðra Fenri er leið til glötunar.

Veiztu: fæðir í Járnvíði fenris kindir, segir Helgi Hálfðánarson að þýði: bætir á eldinn, því hér sé hún að fóðra logana, Fjalar fagurrauðan eldinn, -- en ekki sé hún að ala af sér yrðlinga sem Fenrir sé faðir að, enda fer engum sögum af þeim, né heldur Gollveigu fjárglæfrakvendi, Angantý, Eggþé né hörpu hirðis, Míms sonum sem séu Míms sýnir, og gaman að lesa um mikið mannfall í Maddömunni með kýrhausinn (1964 líklega) -- svo sem fregn af Vanaher gjörvöllum horfnum. Enda Vanir hinir fiðsömustu alls staðar sem þeirra er getið. Yndisleg bók! Ég var óvart brosandi allan tímann undir lestrinum!

Já, svo ég haldi nú áfram, trúarbrögð í þeim skilningi sem þau eru kennd í skólum, eru stórhættulegur hlutur sem tvístra mönnum, eru heimsyfírráðabrug, síst til þess ætluð að sameina menn og gera frið.

Allra skoðana menn ættu að læra TM-tæknina, enda sú næring sögð hið guðlega sjálft í mönnunum,

þannig grunnurinn í öllum góðum siðum og trúarbrögðum sem og öllu öðru í veröld.

Að setja merkimiða á börn í skólastofu er vanhugsað, einkum þegar kennarinn sjálfur er með merkimiða á sér, og erfitt að vera öðruvísi.

Verið var einu sinni að fræða börn í skólum um hve hættulegar reykingar eru mönnum, og hver illt væri að drekka áfengi, og blessuð börnin þurftu

svo að horfa upp á mömmu og pabba reykja og drekka og eyðileggja sig að innan.

Áttu þau að byrja að predika heima, eða horfa uppá reykin eyðileggja lungun í mömmu sinni, og sjússana eyðileggja heilabúið í pabba?

Þessi fræðsla í skólum var vel meint, en erfitt fyrir börnin að finna að kennslan í skólanum var þvert á fordæmið heima fyrir.

Að kenna börnum um trúarbrögð er slæmt vegna þess að þetta orð er villandi. Nýyrði sem þjónar slæmum tilgangi, og inntak þess verður æ til vansa.

Siður finnst um víða veröld.

Trúarbrögð eiga sið (alls konar forna siði) að grunni sínum og inntaki.

Ég er nokkuð viss um að margur maðurinn veit ekki allt um ægifegurð forna siðar, en komandi kynslóðir, sem fæðast nú inn í sat-yuga, munu skilja.

Religare þýðir að binda við, re(aftur) ligare(festa), þá átt við tengsl manns og guðs/guða, --- ætti ekki að notast í að tengja sauðina við stofnun einhverjum órjúfanlegum böndum.

Prestar eru á fæðingardeildum til að skrá nýfædd börn inní söfnuð með nafngiftarseremoníu (einkum snöggir ef faðirinn skyldi nú vera mótfallinn þegar heim er komið), og þetta gæti nú verið mannréttindabrot, því nýfætt barn hefur ekki skoðun á málefnum stofnana svona löngu áður en innprentunin hefst fyrir alvöru.

Þetta sem nú er kallað trú og átrúnaður kom líklega með Guðveldum. Raunar var trú frekar trú og tryggur, traustur, nístha (standandi í hinum guðlega grunni sjálfs sín) á traustum grunni, belief er á fornensku að elska, dýrðka, dá, dást að.

Að játa trú -- með góðu eða illu -- þekktist ekki í árdaga. Slíkt kom með Guð-veldi.

Talið er að í Róm hafi heiðnum mönnum verið gert að neyta kjöts af dýrum á sunnudögum, en dýradráp og -át sé úr Norður-Afríku komið flutt inn til Rómar. Ef heiðnir menn neituð að snæða hræin, voru þeir sekir fundnir um að vera heiðingjar, og fjarlægðir.

Menn hafi því í upphafi unnið það sér til lífs að hafa hræ á borðum á sunnudögum.

Siður er ekki kerfi, aðeins skilningur hvers og eins.

स्वध सिद्धि सुद्ध स्वस्थ sva-dha, siddhi, súddha, sva-stha

svasti स्वस्ति vellíðan hamingja heppni velgengni

sva-stha स्वस्थ standandi í sjálfum sér, hið fullkomna.

Siður er ekki trúarbrögð.

Við höfum kerfisskilning í orðinu trúarbrögð.

Siður er eitt, en siðir er annað.

Þjóðir hafa gamla og nýja siði,
en það er yfirborð
og yfirborðssiðir eru lítils virði ef grunnurinn er glataður.

Margir aðhyllast fornan sið
og þeir verða að vita að slíkt er innihaldslaust án TM-tækninnar,
sem nærir og er bezt vina.

Ekki er mikill akkur í að viðhalda eða endurlífga yfirborð með nýjum
uppkokkuðum siðum og venjum -- ef kjarni málsins, inntak siðar, er
ekki útskýrt og iðkað.

Að við erum ginnungagap, að allt er úr því, að sóast í það,

er grundvallarskilningur á sið.

Í fornum siðum um allan heim finnst þetta.

Alveraldleg þessi kerfi.
Oft á tilfinningasviðinu,
og á sviði hugsana,
oft skoðanakúgun,
oft lapið upp óskiljanlegt eitthvað -- og skilnings ekki krafizt,
því allt (eða margt) sé hulið mönnum og þeir geti ekki skilið Guð hvort eð
er.

En margur góður maðurinn aðhyllist þetta með sínu lagi.

Sumt er kallað lögmál en eru oft af mönnum uppskrifuð lög.

Þau gætu hafa skolest til og breytt.
Gætu verið misskilin,
að djúpan skilning skorti.

Hvað er náttúrulögmál?
Lögmál er eitthvað voðalega þungt og ákveðið orð, ekki satt?

Náttúrulögmál finnast á hinu óskapaða sviði tilverunnar, og eru alls ekki sama og alveraldleg mannanna lög og manna lögmál og reglugerðir.

Lög manna eru ekki fullkomin.

Hnökk eru hugtök kerfa sem stefna á heimsyfirráð,
hugtök svo sem um tím --- um tímenn sem slíkan,
--- tímappressu til að iðrast fyrir dauða búksins, og þess háttar,

og á ekkert skylt við djúpan skilning okkar ágætu forfeðra,
-- þekkinguna miklu.

Náttúruhugtök eru notuð til samlíkingar, til að auka skilning.

Náttúran okkar (og hennar öll fyrirbæri) er alveraldlegt og sjáanleg,
hugtök þaðan eru notuð til að útskýra hið óútskýranlega.

Svo vel fer á að benda á hve náttúran er þekkt meðal vor,
og hve vel fer á að hún leiði okkur í dularveröld raunverunnar,
því hún hylur sjónum okkar það sem verið er að útskýra. (36.)

Það er innan hennar,
hún er úr því,
en við sjáum náttúruna
en ekki uprunann.

Dulin og hulin er raunveran okkur meðan við ekki sjáum hana og
heyrum -- vegna eigin ótærleika okkar.

Hinn altæri maður sér að allt í náttúrunni er raunveran.

Allur þessi skapaði heimur er ginnungagap.

Myndrænar eru goðsagnir og kvæði svo ótærir menn láta glepjast,
en hinir sem Valhöllu lifa sjá í gegnum veraldlega táknmálið,
skilja.

Raunar heillar menningararfurinn menn nokkuð,

og það varð honum til lífs að menn hinna myrku alda sáu aðeins að um óheyrðan skáldskap væri hér að ræða. Synd væri að farga þessum frumstæða og barnalega skáldskap.

Etv sáu þeir einnig fegurð, en ekki mátti viðurkenna það. Ef til vill höfðu þeir skilning -- en síst af öllu mátti viðurkenna það.

Þekking, og djúpur skilningur, er hluti af hinni tæru speki forna siðar.

Athugið að guð-speki, þeó-sófia, er ekki sama og Guð-veldi, þeó-kراسi, en Guðveldi eru oft misnotuð til heimsyferráða og þess háttar valdabrólts.

Heiðni fjallar um tær vísindi forfeðra okkar, sem eru snilldarlega falin í táknmáli og persónugervingum.

Nú á tímum getum við útskýrt þekkinguna miklu með nútímavísindum. T.d.:

Valhöll er hátt vitundarstig sprellumlífandi manna.

Heiðni er okkar menning, er menningin sem við fluttum með okkur sjálf þegar við komum til Íslands.

Upprunaleg menning.

Og hver þjóð ætti að aðhyllast eigin menningu ekki lepja upp innflutta.

Siðar var þröngvað uppá okkur, með vopnavaldi og hótunum, Guð-veldi, sem sagt er nú að sé samofið og samtvinnað okkar íslenzku menningu.



kristnitakan (úr frönsku blaði)

Möo: Guðveldi er ekki íslenzk menning heldur utanaðkomandi samvafningur, sem hangir utan á sterkum meiði eigin menningar okkar, og nærast á honum.



Páfi hrósaði sigri fyrir nokkru, yfir að:
 fyrsta árþúsundið hafi Rómaveldið lagt undir sig Evrópu,
 annað árþúsundið Ameríkurnar,
 og nú skyldu, á þriðja árþúsundi, Afríka og Asía lagðar undir ríki hans.

Nú er ekki lengur notað slagorðið: bannað að spara púðrið á heiðingjana;

Nú er notað: bannað að spara peninga til trúboðs.

Komið er með loftkældar kyrkjur.

Trúboðar eru á kaupum hjá ýmsum sértrúarstofnunum auk stórra kyrkna.

Mönnum voru gefnir T-bolir og tekin mynd af þeim skellihlæjandi, og textinn var um að þeir hefðu ekki átt neinn bol. Raunar er þetta á svæði svo heitu og röku að ekki er hægt að klæðast bol. Renúka vinkona mín sem vinnur þarna við að kenna börnum að lesa og skrifa, horfði á þetta. Það fyrsta sem menn gerðu eftir myndatökuna var að fara úr bolnum, því þarna límast öll föt við húðina vegna rakans. Menn þarna ganga ekki í bol.

Hafðir eru skólatímar fyrir börn og unglunga á búddhasiðarsvæðum á þeim tíma sem fólkið fer í hofið. Þannig venjast börnin af því að fara í hofið.

Ekki er komið með krossinn fyrr en eftir 19 ára starf sem ekki er kallað trúboð heldur hjálparstarf.

Eitt hér Mustard Seed (sinnepsfræ) en menn sáu í gegnum það, svo breytt var um nafn. Hugsandi menn vara við: endilega þiggið peningana en ekki bíta á agnið. Í lagi að narta beituna af en ekki gleypa öngulinn.

Múslimatrúboð og kristinna trúboð eru í harðri samkeppni í Afríku við að „bjarga“ þorpu frá fornum síðum sem sagðir eru „satanískir“, og koma inn guðveldatrú. Keppni um hverjir verða á undan við björgunarstarfið. Það er asavinna að vera trúboði.

Á Indlandi ganga trúboðakonur í shari, og trúboðakarlar í gúrúa-fötum og segjast vera gúrúar, en eina skurðgoðið er jesúmynd.

Menntun í trúboðsskólum er ókeypis fyrir nemendurnar, ef þeir lofa að gerast trúboðar. Vilji þau það ekki þurfa þau að borga námið. En allir vita að enginn á peninga til þess.

Jeppi var settur í gír og handbremsu, og mönnum boðið að reyna að ýta honum. Það gekk ekki því hjólin vildu ekki snúast. Þá var þeim sagt að ákalla Jesú, tekið var úr gír og handbremsu í laumi, og þá var hægt að ýta jeppanum. Slíkur er máttur Jesú sé hann ákallaður. Menn voru þannig sannfærðir um yfirburði Jesú.

Svona horfir Renúka vinkona mín uppá þar sem hún vinnur við að útrýma ólæsi í sínu heimalandi. Fátækt og ómenntað fólk er auðveld bráð peningamikilla trúboða.

Texaco og trúboðar vinna saman. Hafi Texaco augastað á olíuborun, þarf fyrst að losna við landeigendur. Trúboð er notað til þess að sannfæra menn um að nýta beri jörðina og ekki vera að tala um helgar hæðir og svoleiðis rugl. Ungum mönnum er boðin vinna við olíuleitina, það er komið með sterk vín og sígarettur, og menn fá peninga. Gömlu mennirnir sem vilja vernda helga staði komast ekki upp með moðreyk. Texaco borgar trúboðunum svo þeir hafa nóga peninga til að framkvæma sitt ætlunarverk og eru mjög kátir yfir kaupinu sínu og sælir með að bjarga sálum frá satan og kynna fagnaðarerindið.

Í Asíu, í fjallahéruðum, var öllum ungum stúlkum boðin menntun, og þær fluttar burt í skóla, því þannig væri hægt að bjarga þeim frá fátækt og unglingavandamálum. Foreldrar foru þakklátir, og þetta var ókeypis, aðeins kærleiksrikt hjálparstarf.

Drengir urðu eftir í þorpunum. Kristnar stúlkur, annars staðar frá, voru svo fluttar inn í þorpin. Heimastúlkurnar skiluðu sér aldrei til baka til síns heima til sinna foreldra, en voru fluttar í ókunn þorp sem kristnar stúlkur, og kynntust drengjunum sem þar bjuggu, en heimastúlkurnar þar voru í skólum, trúboðsskólum, til menntunar og til að bjarga þeim frá unglingavandamálum heimaþorpsins síns.

Fólk gefur peninga í það sem hét hjálparstofnun, en þar sem stofnanatrúarbröðs eru sífellt óvinsælli meðal manna, var nafninu breytt í hjálparstarf.

Margir vilja starfa við hjálp og þurfa pening. Peningar og keypt/borguð

hjálp er skilyrðum háð. Þeir sem ekki vilja kasta fyrir róða menningu sinni og skipta yfir í guðveldi, fá ekki hjálp. En til eru samtök sem hjálpa án þess að eyðileggja menningu sem fyrir er hjá þurfandi. Það er tekið fram á fjáröflunar-gíró þeirra samtaka.

Saga úr Reykjavík: Sjúkur maður þurfti aðhlynningu. Kona kom til að líta til með honum heima, því hann gat ekki verið einn heima allan daginn. Hann kvartaði undan því á kvöldin að þessi kona væri mjög að fá hann til að iðrast synna og gerast kristinn fyrir dauðann. Enginn hlustaði á þetta, enda talið þrugl í honum. En við eftirgrennslan kom í ljós að konan hafði starfað við trúboð í Afríku, var nú komin heim til að stunda sitt trúboð áfram.

Mér lízt bezt á þá ungu presta, stúlkur, sem segjast vera að þjóna þeim sem vilja þeirra þjónustu, en segjast ekki vera að reyna að láta aðra endilega skipta um skoðanir á tilveru sinni.

Erjur sturlungaaldar voru trúarborgðastríð, því Noregskonungur var að seilast til valda, en aðrir kristnir hér vildu hann ekki.

Þegar búið er að setja merkimiða á menn, setja þá í skúffur, fara þeir að deila.

Við ættum að sleppa þessum skúffum og merkimiðum.

Grunnurinn undir allt líf
undir allar mannanna skoðanir -- er einn og hinn sami.

Tilgangurinn er að þróast, og það gerist hratt með iðkun TM.

Stofnanatrú er ekki tær guðspeki, heldur yfirráðatæki. Of mikið með þessar skúffur og merkimiða.

Margir rugla saman Guði og stofnunum, og ausa peningum í stofnun en fatta ekki að við erum guðlegar verur sjálf.

Stofnanatrú er ekki komin til að vera -- nema henni sé breytt í tæra guðspeki svo hún höfði til dýpstu þarfa mannsins, en þjóni ekki eiginhagsmunum stofnunarinnar sem fær menn til að ausa í hana fé og fyrirhöfn.

Eys í hana annarra manna fé.

Stofnanir koma og fara,
heimsveldi koma og fara,
valdataeki koma og fara,
en siður er eilífur því hann færir mönnum sannleikann.

Biskup, sem einu sinni sagði að mannskætt snjóflóð í Súðavík væri Guðs vilji, segir nú (2008 kreppa) að menn eigi að lifa augnablikið og þetta „nú”.

Við sjáum hvernir forna menningin skín nú í gegn,
það er þegar menn og þjóðfélög gerast tærari og tærari.

Upprunalega menningin fer að slá í gegn og verður á ný sett í öndvegi,
kemur brátt í stað bókstafstrúarinnar,
eða bókstafstrúin breytist í inntak siðar og alls sem er grunnurinn undir
trúarbrögðin.

Ef bókstafstrúin forpokast alveg, hættir Alþingi og ríkisstjórn að ausa í
hana peningum skattborgara, svo biskupar verða að markaðssetja sig
flott.

Markaðssetning gengur útá að höfða til þarfa, -- eða búa til gerviparfir.
Markaðssetning er mikið fag.

Menningin ævarforna er ekki nýaldar neitt -- einsog sagt er til að gera
lítið úr henni.

Menningin okkar forna er auðvitað þessarar núverandi vísindaaldar
þekking,
og ævaforð þekking
og ævarandi eilíf þekking.

Þekking er síung,
hefur alltaf verið til, og mun ætíð verða.

Við horfum á menn þroskast.
Í fornum fræðum okkar má heyra um hærri vitundarstig einstaklinga,
og hvernig vitund vikkar út við að hnýsast niður,

hve fimbulrúnir eru mikill gjörðakraftur í lífi manns,
hvernig þekkingin okkar er nauðsynleg hverjum manni,

til hvers lífið er.

Við heyrum þar um 4. vitundarstigið,
sem gerir okkur tærari,
þar eð við öðlumst tæra þekkingu í djúpinu innra.
Hvernig það skilar sér yfir í þjóðfélagið,
hvernig þannig „djúpir“ menn eru goðumlíkir.

Ginnungagap er það sem við fáum reynzlu af við að sóast.

Nálægt við það er gleði.

Meðan hugur mannanna, hugsanir þeirra,
eru eingöngu í yfirborðs-Gungni í hinni síbreytilegu veröld,
er ginnungagap ekki okkur sjáanlegt.

Þegar við svo öðlumst sýn á raunveruna með því að sóast iðla,
sjáum við að ginnungagap hefur alla tíð verið,
var hér áður en við fæddumst,
verður ætíð,
og nú höfum við öðlazzt nýja sýn á tilveruna og tilgang hennar,
gleði Glaðheima,
æðri heims gleði,
varanlegri en gleði í heimi,

og lifum Glaðheima í vöku, draumsvefni og djúpsvefni,
komin í Valhöllu,
enda erum við gapið ginnhelga.

Náttúran þolir ekki endalaust skilningsleysi mannanna,
þótt hún hafi þanþol. (36.)
Þegar ósvinnir menn fæða Fenri, (16.)
en hann á við átröskun að stríða,
þá hleðst upp synþ.
Náttúran springur.
Stríð og hamfarir dynja yfir.
Fenrir offitaður verður stríð og náttúrhamfarir.

Alltaf fæðast menn til að koma okkur á réttan kjöl á ný.
Maharishi mahes yogi kom og kenndi okkur TM og TM-sidhi®.

Náttúran fagnar hverjum og einum sem verður einherji.

Mikið var um interpretatum cristianum fyrr á öldum,
og smávegis finnst enn í okkar þjóðfélagi hér og nú.

Sumt er í gangi sem menn gera sér ekki grein fyrir að er ósatt,
annað að yfirlögðu ráði sett í umferð sem hið sanna.

Maður nokkur kom eitt sinn til Íslands til að rannsaka rúnasteina sem
honum var sagt að til væru á þekktum stöðum hér. Prestur nokkur, sem
vel vissi um rúnasteinana, vildi ekki segja manninum hvar þá væri að
finna, því svo djöfullegum rannsóknnum vildi hann ekki leggja lið.

Ótal hugtök úr heiðnum siðum og goðspjöllum eru notuð og misnotuð í kerfi sem ætluð eru til heimsyfírráða með guð sem yfrivarp.

Snjöll strategía (/hernaðarlist).

Margt úr fornum fræðum er sumsé dubbað upp og notað í heimsyfírráða-Guðveldin þegar þau eru búin til -- úr öllu mögulegu, en því miður tilgangurinn ekki alltaf fallegur.

Menn fóru alls konar leiðir hér á öldum áður til innprentunar.

Má nefna gotneska- og rússaletrið.

Rússar vildu ekki vera rómanskir,

eru ekki grískir Ὁρθόδοξ, ορθόδοξ

svo þeir fóru sína leið. Rússar vildu vera spes orþódox.

Reynt var að drepa rúnir, eyða öllu með rúnalettri, margt brennt,

þær sagðar djöfullegar,

en nú er djöfull ekki til í huga heiðinna,

svo þetta hugtak gekk ekki alveg upp hjá okkur.

Djöflatrú kom með Guðveldum, því satan spilar mikla rullu þar.

Til þess að vera ekki með letur sem heiðnum líkaði illa, latínuletur,

og ekki rúnir sem Rómarveldið bannaði,

var farinn millivegur, málamiðlun, notuð smálúmska:

Var það ekki Vulfila sem bjó til gotneska lettrið? -- eingöngu til að nota

ekki rúnir í Skeireins(?), guðfræðiskýringarnar sínar?

Hann kunni rúnir en þær voru ekki gjaldgengar í Guðveldisins

áróðursrit.

Og latínu vildu heiðingjanir ekki lesa!

Er ekki gotneska talin vera elsta germanska málið?

Gotar, Gut-þiuda (Gotþjóð), Gutones, Gothones, á frumgermönsku:

Gutoniz) sagðir komnir ex insula Scandzia?

Notuðu upphaflega 24urra stafa fuþark?

Bjuggu svo við Svartahaf á Krím?

Annað hvort hef ég verið uppi á þessum tíma eða lesið þetta e-s st., og

leiðréttið mig halli eg réttu máli.

Gautama jafnvel skylt Gotþjóð.

(Vitkinn verður hugsí mjök; við bíðum þögul. Svo segir hann einsog úr þeli hugans:)

-Skyldi setningin „hafa skal það sem sannara reynist“ segja okkur, að sannleikann vissu menn, en hann mátti ekki rita, því lífshættulegt var að segja annað en hina brengluðu upplögnu sögu?

Mig minnir að sannleikurinn hafi verið annar en það sem í letur fór.

Hvað sagði seiðskratinn um þetta í 9. skráðu?

Það kallast víst heilabvottur þegar hamrað er nógu lengi á einhverju sem á að koma inn í átrúnað og hegðunarmynstur manna.

Stundum þarf nokkrar kynslóðir, og stundum gengur heilabvotturinn ekki alveg, því sumir fara að spyrja óþægilegra spurninga og þvost bara ekki hvernig sem reynt er að skrúbba inn í þá með góðu og illu.

Það er snúið útúr fornum hugtökum,
og sumt hefur misst sína innri vitzku í slæmri meðhöndlun,
sem bæði finnst sem gerð vitandi vits í niðurrifstílgaungi
og
óafvitandi í fáfræði og grunnhyggni.

Thor Heyerdal er viss um að æsir sem lifandi menn hafi komið frá Bharata.
Nöfn staða og annars bendir til skyldleika menningar Skandinava við þær rætur.

Stundum kallast guðin Tevtóna guð.

Æsir þóttu goðumlíkir hvar er þeir fóru um lönd og fylgði þeim friður.

Þegar frá líður verður heil gjá milli orða hinna vitru
og þess hvernig menn nota orðin sem þeir í raun skilja ekki dýptina í.

Það er þegar yfirborðshugtök verða allsráðandi í þjóðfélögunum.

Jesú var ekki kristinn, Jesú var Gyðingur. Ekki vilja Gyðingar meina að sá maður hafi verið messías, en það er að biða eftir einhverjum einu sem muni koma til að gera eitthvað fyrir alla.
Þúsundir og milljónir uppljómaðra manna hafa gengið um á jörðu.

Oft er búin til saga um fæðingu spámansins eftirá,
þar sem jarteikn og kraftaverk eru látin hafa gerst við fæðingu hans.
Oft er til ein saga sem notuð er aftur og aftur á marga spámenn.
Kannski peningaplokkeri í spilinu, og valdabrölt,
kannski er spámaður búinn til 100 eða 200 árum eftir meint líf og dauða goðsins, oft hástemmt og hlaðið tilfinningum, jarteiknum, fyrirspám og jafnvel ofstæki.
Oft er á reiki hver þessi upprunalegi var, því margir koma til greina.

En menn laðast oft að uppljómuðum manni
þótt menn skilji etv ekki alveg,
og fara þá jafnvel að dýrðka manninn.

Ekki dugar að apa eftir hegðun og orðum hinna uppljómuðu og halda að það sé tærleikinn sjálfur, því enginn verður kóngur við að setja upp kórónu.

Það sést ekki á hegðun manns né útliti hvaða vitundarstig hann lifir. Yfirborðið er ekki það sem skiptir máli. En fágun og gæði mannsins koma af sjálfu sér með hækkuðum vitundarstigum.

Avataara af ava-tríi अवतार अवतृ er persónugert ginnungagap, sem kemur, stigur til jarðar, fæðist sem maður, er ginnungagap holdi klætt. Ginnungagap er alls staðar, og avatar vinnur útfrá því.

Þegar fenrir vex um of (16.) verða styrjaldir (36.) og þekkingin hefur þá gleymzt,
troða halir helveg,
móðir náttúra springur buguð, þanþoli hennar ofboðið,
þá kemur avataar.

Margir avataarar hafa þegar komið, raama krishna narasimha buddha vamana parashurama kurma varaha meena, og öll nöfnin hafa sína merkingu, kalkí er sá tíundi, ókominn enn.

Auðvitað er hver einasti maður ginnungagap í mannlegum kroppi,

kroppi sem hver og einn býr sér til þegar aham-kara अहंकार (aham ég, kar gera) ég persónugerist sem lifandi maður.

Sem mannsfóstur.

Við erum einstaklingar alveg frá getnaði.

En

það er ekki fyrr en taugakerfið og sjónin þróast sem hver og einn fer að sjá sig sem einstakling, hin helgu vé,
og gleymir að hann er ginnungagap.

Það að sjá líkamann sinn (og annarra) glepur mann.

Nú fyrir nokkrum áratugum fæddist maharishi (titill sem hann síðar fékk),

maður langt kominn á sinni þróunarbrautu
sem uppljómaðist á sinni ævi,
fekk titilinn maharishi mahesh yogi,

lærði hjá shri guru deva, nefndum: hinn lótus-fætti, titlaður: swami brahmananda saraswati, djagadguru bhagwan shankaracharya hjá djótis math í himalaya.

Maharishi er ekki avataara, en kom og kenndi milljónum manna tækni til að transcendera, kenndi hið konunglega yóga, radja yóg.

Enginn var að biða eftir honum,
en hann kom og færði mannkyni hina dýrmætustu gjöf sem sögur fara af.

Jafnt trúlausir sem trúaðir, jafnt þeir sem tilheyra stofnunum og „merkimiðalausir” menn, iðka TM sér til heilzubóta og heiminum til kyrrðar.

Múgsefjun er ekki ráðið,
heldur það að læra að hugsa og aðhafast útrfa tívatúni (5.).

Kona nokkur ensk heimsótti einu sinni Indland.
Ungur maður var fenginn til að sýna henni ýmislegt merkilegt.
Hún var yfir sig hrifin,
og þakkaði fyrir sig með þessum orðum þegar hún hvarf heim á leið:
-ég vona að þú komir til London og ég skal sýna þér allt það merkilegasta þar.
En hann svaraði kurteislega: -madam, ég er London.

í Valhöllu eru brynjur í hrúgum á bekkjum, spjót og geirar halda uppi þakinu, því menn í Valhöllu hafa ekkert persónulegt að verja.
Náttúran vinnur fyrir óskir hinna uppljómuðu, ekki vopn.

Einherji í Valhöllu er tær uppljómaður maður.

Þetta er þá ekki svo erfitt, eftir allt saman!

Raunar órtúlega auðvelt.

Nú er komið hið eina eðlilega náttúrulega ásigkomulag,
það sem allir eru á leiðinni að finna.

Svo að kveldi límast saman bütarnir sem fóru úr skorðum við einherja-reddingar í okkar yndislegu og brösóttu mannheimum.

En svoleiðis reddinga-góðverk eru nú aðalverkefni einherjanna, en lífstilgangurinn þróun til fullkomnunar.

Lífið er ekki nein malbikuð braut með umferðamerkjum og götuljósum, skiltum eða götulýsingu.

O, nei. við erum að þreifa okkur áfram í vegleysunni og klungrinu og ætlum uppá toppinn af eigin rammleik, án nokkurrar forsjár umferðayfirvalda.

Enginn annar getur gengið þetta fyrir okkur.

Enginn annar getur borið ábyrgð á hvernig okkur gengur að ganga.

Ekkert landakort kemur í staðinn fyrir raunveruleikann,

en vitrir menn í gegnum aldirnar hafa kennt okkur á gandreiddina,

fullt af falsspámönnum auðvitað,

svo mörg mannsævin hefur farið í vaskinn þrátt fyrir góðan ásetning,

en alltaf erum við að reyna að finna þann sem segir sannleikann,

og hann mun segja okkur að við verðum sjálf að finna okkur sjálf.

Gott er að vita að vegalengdin er engin, frá mér til mín,

og stígurinn iðla troðin vex ekki hávu grasi né hrísi,

og allir geta orðið einherjar þegar þeir vilja.

pratyavaayo na vidyate í Bhagavadgíta II40 प्रत्यवायो न विद्यते

enginn hamli fyrirfinnst,

greið er leiðin innávið með réttri tækni.

Hlýðnikrafa og hefnd fyrirfinnast ekki í heiðni.

Ekki hræða börn til hlýðni.

Ekki mata þau á hefndarhugtökum.

Sagt var í gamla daga: sparkaðu bara í borðið fyrst það meiddi þig.

og barn sem meiddi sig á borðbrúninni sparkaði í borðfótinn!!

hvers lags uppeldi var þetta??? hefna sín á borði!!!

Væri nú nær að útskýra Urði Verðandi Skuldu fyrir hverju barni.

Hefnd og reiði er hið versta.

„Viðring” er ekki sama og ótti við hegningu ef maður hlýðir ekki.

Gætum okkur á þessu.

Við skulum ekki bera virðinu fyrir þeim sem kúgar okkur og við óttumst.

Þetta eru nefnilega andstæður.

Bældur ótti er ekki virðing.

Jafnvel er talað um: óttablandna virðingu fyrir.....

sem sýnir að um tvennt ólíkt er að ræða sem getur blandast í tilfinninga-
rugl

Börn eiga erfitt með að gera sér grein fyrir þessu.

Falskar tilfinningar,

þar sem óttablandin virðing er kölluð ást,

þar sem menn beita e.k. andlegu ofbeldi til að ná tökum á öðrum,
eiga ekki að vera til,
því án er ills gengis nema að heiman hafi.

Barn sem mótast af óheilbrigðum kúgunaraðferðum gerir sér ekki grein
fyrir þeim, er semsagt skakkt forritað í móttækilegri bernsku sinni, og
lendir í sama mynstrinu í lífinu ómeðvitað,
-- goggunarröðinni sem tilheyrir dýrastiginu.

Bezt er
virðing fyrir sjálfum sér og öðrum.
Sjá heildarmyndina. Sjá og skilja skoðanir annarra. Hver og einn getur
aðeins skilið út frá sínu vitundarstigi. Við sjáum muninn á apa og
manni, en við sjáum ekki alltaf muninn á manni á dýrastiginu og manni
sem lifir Valhöll.

Föt og flott framkoma blekkja á stundum.

Gott er að skilja að bera ætti hver og einn ábyrgð á sjálfum sér og öðrum.
Ábyrgð á öllu lífi.
Maðurinn ber ábyrgð vegna frjáls vilja síns og yfirburðaþróunar.
Óðinn Hæmir Lóður gáfu mannlega eiginleika.

Athugum þá þetta:
*Hegðunartærleiki,
*ábyrgð,
*sanngirni og skilningur á sjónarmiðum annarra,
ekki neitt finna þörf fyrir að verja þín eigin sjónarmið,
*léttleiki og dröslast ekki með sínar né annarra byrðar, þjáningu eða
falska helgislepju,
*þekking, sem eina leiðin til að öðlast er að sóa sér í ginnungagaps-
svinninn mikla
og hlýða á þekkingu hinna vitru til að öðlast skilning með
greindinni sinni
(en þetta er ekki upplýsingahrúga til að fylla hausinn með heldur hinn
tærasti skilningur á tilgangi tilverunnar).

Ægir tákna, meðal heiðinna manna, hið víðfeðma dýpi sem enginn
mannlegur heili fær skilið.

Það er ekki til neitt verra krafs en drómi og læðingur,
eða eyða ævi í að vera stunginn svefnþorni.

Það er ónýtt ævi, ónýtt ævi.
Mannlegt taugakervi er svo dýrmætt að við syndgum með því að nýta
ekki möguleikann á að finna Glæðheiman innan okka, þróast og þroskast,

en það er eini tilgangurinn með því að vera til.
Við erum ekki að fæðast til að auka kyn okkar og vinna.

Það gleymist að segja okkur til hvers við erum að lifa lífinu!!

Við erum ekki að fæðast til að vinna og eiga börn,
við erum ekki að fara í skóla til að læra að vinna,
(37., vitundarþroskamenntun)
við erum ekki vinnudýr þjóðfélagsins,

skólarnir bregðast okkur með því að kenna allt til að við verðum nýt
vinnudýr í lífinu

en segja okkur ekki til hvers við fæðumst.

Við erum ekki að fæðast inní merkimiðastofnanir,
það má sleppa því rugli í heilu lagi.

Hver einstaklingur þarf að leiða sjálfan sig.

Við fæðumst og lifum til að þróast yfir í fullkomnun.

Mæður þurfa að vera uppljómaðar, (37.)
næra börnin andlega,
og geta kennt börnunum sínum um tilgang lífsins.



Hvernig vitum við að vatn er í brunni?
Menning forfeðranna. Flytst frá kynslóð til kynslóðar.
Hvers vegna grafa menn niður, gera grunn, til að byggja upp?
Menning og reynsla kynslóðanna.

Hvers vegna vitum við ekki að næringin sem við öðlumst við að sóast er
hér og nú aðgengileg og nauðsynleg?

Glötuð menning -- nú enduruppgötvuð.

Nú mun hún flytjast frá kynslóð til kynslóðar um ókomna tíð.

Sú vökvun er nauðsyn jafn mikil og regnið gróðrinum,

og þegar við vökvumst fimbulrúnum,
mun regnið koma á réttum tíma (36.),

þegar og ef við kyrrum hugann niður í núll-starfsemi.

Engrar áreynzlu er þörf. Raunar er ferlið náttúrulegt,
og íhlutun eyðileggur.

Engin fyrirstaða er pratyavaayo na vidyate प्रत्यवायो न विद्यते

Bhagavat-gíta II40

Ekki tapast nein orka við þessa ferð,
því engrar orku er þörf til að ná markinu,

en mikil orka eyst upp í líf manns.
Óþrjótanid orka.

Ferðin innávið er algjörlega eðlileg og náttúruleg huganum.
Allt sækir í hvíld,
til þess að endurnærast
og verða kraftmeiri á eftir.

Ekkert í heimi verður til að óttast.

svalpam apy asya dharmasya traayate mahato bhayaat

स्वल्पमप्यस्य धर्मस्य त्रायते महति भयात् (Bhagavadgita II40)

strax við fyrstu iðkun TM-tækninnar nást Glaðheimar
og
með því að finna þannig tæra vitund svífur maður yfir allan ótta,
en

dvítyat eva bhayam bhavati द्वितीयाद्वै भयं भवति

tvíveðrungurinn sem alls staðar er í veröld veldur ótta vegna óvissunnar.

Það er Gunnadansinn flotti -- sem getur orðið anzi þreytandi á stundum!!

Í Glaðheimum er enginn tvíveðrungur, aðeins eind.

Glaðheimar eru hið víðasta og kyrrasta,
kraftmesta og réttasta.
Vinnandi þaðan getur maðurinn stjórnað öllu sem hann vill,
og það í týrétta átt.

Forni siður – og grunnurinn undir alla siði -- er svo hagnýtur, litla vólva.

तरति शोकमात्मवित् tarati shokam aatmavit

sá sem er í eind svífur yfir alla sorg
(úr chhandogya upanishad)

yógas tsjitta vrítti nirodhah योगश्चित्तवृत्तिनिरोधः

í sönnu yóga (sameiningu einstaklingsvitundar og alheimsvitundar) er hugurinn í algjörri kyrrð -- og þetta er hægt að mæla með EEG (heila-línuriti);

hver sem er getur lært TM og séð hvernig heilabylgjurnar eru við iðkunina.

Þá vökvum við okkur sjálf
og vökvum náttúruna hvítaauri, silfri vitundar,
en það eru meiðmar (36.),

ekki lengur þjófnaður sá að taka og taka en gjalda ekki gjöf,
ef við erum gráðug, þá missum við nefnilega vináttu móður náttúru (36).

Allt er undir fólkinu komið.

Líðan og gjörðir eru undir vitundarstigi hvernar þjóðar komið.
Með hækkandi vitundarstigi verða menn mildir og skilningsríkir.

Meili Óðinsson, er mildi vitundar.

Menn ættu að vakna uppúr því sem þeir kalla vöku:

uttishthata djaagrata praapya varaan nibodhata

उत्तिष्ठत जाग्रत प्राप्य वरान्निबोधत

stattu upp, vaknaðu, sækjast skaltu eftir samvistum við hina vitru,
þú skalt skilja sannleikann, þekkinguna miklu.
vaknaðu upp úr vöku (því sem við köllum vöku en er kannski blinda;
úr katha upanishad,
en úpa-ni-shad þýðir að setjast við fætur kennarans og nema vizlu hans)

यो जागार तमृचः कामयन्ते। jó djaagaara tam ritchah kaamayante

þann sem er vakandi (vaka hér er annað en 3ja vitundarstig!!) finna
fingerðustu hljóð sköpunarinnar -- ath: þau finna hann!

Virðum hlutverk móðurinnar (37.),
skiljum hlutverk gyðjunnar (18., 20.),
öðlumst Sól og uppljómun (17., 21.).

Við vitum að lifið er Gungnir (35.).

En vitum við hvaða áhrif allar þessar bylgjur hafa á okkur? (35.)

Í heiðni er aufúsuþekking.

Ægir (2.), kafað í dýpið,
er annað en yfirborðsýfingur í geira veraldarhugsana.

Við þurfum að ýfa grárur á vitund,
það er að gera Gungni á Ægi.

Það þarf að hræra upp í okkur.
Þjóðrerir hristir upp í okkur öllum,
Óðrerir vekur okkur öll.

Þjóðrerir og Óðrerir

Heiðni er svo hagnýt vísindi,
svo mikil nauðsyn nútímamönnum,
nauðsyn heiminum.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, er til heilla sé hún í
heiðri höfð.
Aðflutt menning hversu „samtvinnuð” sem hún kann að vera sögð, hefur
ekki þróast á þeim stað sem þjóðin býr.
Sú menning er og verður aðkomumenning, aðskotadýr, hversu fokdýr
sem hún er, hversu miklu sem dælt er í hana úr vasa skattborgaranna.

Kenning er til um tilurð goðans, sú, að landnámsmenn hafir vantað
ættföðurinn. Þeir hafi verið búnir að klippa á naflastrenginn.
Þjuggu þeir til ættföður þinig: þessi gamli vitri sem sættir menn, sættir
mann og annan, heitir goði og ræður yfir goðorði.

Gætum þess að rugla ekki saman
Íslendingasögunum,
(sem eru bókmenntir skrifaðar undir kristni),
og heiðni,
(kvæðunum og goðsögnunum, sem eru ævaforð menningararfur,
lengst af varðveittur í munnlegri geymd);

puran er forn (29.),
síðan var hann ristur með rúnum til varðveislu honum,
síðar ritaður með latínuletri til að bjarga honum frá bókabrennum
munkanna.

Östen Kjellmann, Den forna seden, Valkyrifölag, Svíþjóð.

Sannleikurinn getur ekki dáíð,

aldur menningararfsins er viss sönnun um sannleikann sem hann geymir.

Það að hann er forn og lifir enn, táknað
að hann er kominn til að vera.

Stofnanir og heimsveldi koma og fara,
en sannleikurinn deyr aldrei.

Hann ber mörg nöfn,

ekam sad vipra bahudha vadanti एकं सद्विप्र बहुध वदन्ति

Lao Tse segir: „tao“

Þegar verið er að útskýra ginnungagap er það nefnt til dæmis
Ægir

eða Gláðheimar,

því Ægir er torráðið stöðugt djúpt, við sjáum ekki vel til botns,
og gláður og gleikkun er gott táknað um þá hröðu útvíkkun
einstaklingsvitundar sem þýtur af stað þegar hún sóast í alheimsvitund
og gleymir einstaklingshugtakinu sínu.

Við að kyrrast víkka vitund.

Þetta á raunar við um skapað efni hvar sem það er rannsakað.

Þegar við dveljum í Ægi, vitum við að hér hið víðasta og kyrrasta
ásigkomulag mannlegrar vitundar
innan meðvitundar.

Um leið og hugsun stingur sé í Ægi, er hún alls staðar í senn án tíma og
rúms, og hættir að vera mannleg hugsun.

Vakandi köfum við djúpt í menningararfinn með ímyndunarafli okkar,

túlkunarmöguleikar launsagnanna sýna óendnalegt dýpi,

og við fljúgum hátt á vængjum táknaðsins til að sýna himnahæð
þekkingarinnar,

og um leið fá yfirsýn

-- víðfeðmið sem brátt öll börn skilja.

Nú eru Indigo-börnin að fæðast. Þau skilja ginnungagap.

Lífsýn heiðinna virðist flókin og víðfeðm,
en er einnig einföld og hnitmiðuð,
þegar mergurinn málsins er fundinn.

Við getum einfaldað hvert atriði og gert skiljanlegt hverju mannsbarni, því rökrétt samhengi er alls staðar að finna í menningararfinum ómetanlega

-- þegar lykillinn að dulmálinu er fundinn.

Þangað til er allt aðeins „undur“, lýsingarorðið: aastjariavat आश्चर्यवत्

(Bhagavadgíta II29) „fullt af undrum“, gerir menn undrandi

því maður skilur ekki þetta mikla undur sem veröld úr ginnungagapi er.

Undur raunverunnar eru torræð inum grugguna.

Við vitum af Mími en sjáum ekki með veraldlegu augunum okkar.

„Mystics of Reality“ segja menn á hinum málinu.

Ekki að furða, því við lifum í hinum hverfula skapaða heimi og sjáum ekki að hin eiginlegu við erum hið óskapaða.

Hvað er ég sjálfur??

Hinn mikli svinnur, ginnungagap. Við erum ginnungagap.

aham brahmaasmi अहं ब्रह्मास्मि aham vishvam अहं विश्वम्

Það svið er vitsmunir,
alheims vitsmunir,
alls staðar í senn, við lifum í þeim,
sjáum það sem skapað er,
en ekki það sem enn er án lögunar.

Vitsmunir guðlegir eru skapandi uppruni alls sem við nemum.

Hið skapaða er óendanlega margþætt, en á sér einn uppruna, einn skapara.

Allt verður úr þessum vitsmunum, tívatúni, með síbullandi hverum sköpunar.

Allt í lífinu sýnir sköpunareiginleikann og allt sýnir vitsmunina.

Hvert sem við litum, hvar sem við leitum, er skapandi, og regla.

Lífið er alls staðar framþróun.

Sannleikurinn verður aldrei tímans tönn að bráð aðeins hið hverfula (22.).

Kerfi, stofnanir, jafnvel menningarheimar, allt lýtur ferli (22.),

breytist úr einu í annað,
en sannleikurinn finnst alltaf aftur.

Við flækjumst kannski í gjörðaflækjunni,
en það er ekki henni að kenna.
Meðan við getum ekki lifað ginnungagap, okkar eigin raunveru, ásamt
með Gunnadansinum mikla,
flækjumst við.
Þegar við getum lifað ginnungagap ásamt með vöku djúpsvefni
draumsvefni,
þá erum við ekki bundin í báða skó af því sem gerist í kringum okkur.

Þá erum við einherjar í Valhöllu.
Það er sama og vera frjáls lifandi maður.

Meðan við erum á kafi í litlu skemmtunum, (Bhagavad gíta II44)
ofmötum skilningarvitin,
og þegar við erum ætíð að reyna að komast til valda í veröld,
er eftitt að nema upp fimbulrúnir,

maður þarf að láta af þessum keppnisíþróttum um völd og stöðu,
til að eiga auðveldara með að komast áfram á eigin þróunarbrautu.

Menn misskilja stundum tilgang ævinnar.



Sumir afneita því veraldlega,
aðrir afneita öllu sem heitir andlegheit.

Þeim,
sem eru jafnvel að hampa bókstaf um ginnungagap
mjög að troða sínum skoðunum uppá aðra menn,
eru knýttir í svona áhugamál,
orðnir ofstækisfullir jafnvel,
reynist eftitt að verða altærir.

Menn þurfa að kunna að vökva sitt líf með fimbulrúnunum,

án þeirra er erfitt að ná jafnvægi þannig að vitsmunirnir virki einsog þeir
eiga að gera.

Maður þarf að vera altær til að ná fimbulrúnum,
og maður þarf að nema upp fimbulrúnir til að verða altær !! (31.).
Sem er mjög einfalt allt saman.

Lykillinn er öllum falur. (25., 27.)

Einfalt:



einog að opna sitt eigið hús.



maður þarf ekki að brjótast inní sitt eigið hús.



skilningarvitin hætta að vera á fullu



tæknin laðar heyrnina í kyrrð
en maður er vakandi

heldur huganum fljótandi,



og laðast heim, sjálfkrafa.

Ekkert vinnst með að þvinga. Það skemmir aðeins fyrir og þreytir.



Lykillinn að innri hugsun okkar, uppruna hugsunar,
lykill að vitund sem er eind,

„okkar innra” er einstaklingsvitund, vitsmunir, hugur,
þá lifum við konunglegu lífi.

Allir, sem vilja skilja, fá lykil,
lykil að óendanlegri orku,
skipulagi,
sköpunarkrafti;
skylda okkar er að gegna foreldrahlutverki í heiminum.

Það gerum við einfaldlega með því að kenna öllum að leiða sjálfa sig
inn til hins guðlega, Glaðheima, Ginnungagaps,
nærast.

Við höfum fengið gjöf: tækni, TM, til að lifa Sólar sælu
en við erum hún í raun,
aðeins iðkun þarf.

Við erum vitund,
ein vitund,
við höfum fengið lykil að leiðinni til árs og friðar
sem endist til eilífðar;

við höfum eðlilega þrá, náttúrulega löngun,
löngun til að allir menn njóti;

hvað sem hver og einn gerir er úr hugskoti hans komið,
þar eð við höfum lykilinn að skúmaskotum hugans
getum við hleypt inn birtunni miklu.

Þá eru engin skúmaskot lengur,
og hugsunin kemur beint úr uppruna sínum,
tær og týrétt,
því þaðan kemur aðeins rétt,
sjálfkrafa þegar taugakerfið okkar dýrmæta er tært.

Við þurfum ekki að standa fram fyrir stressandi ákvörðunum lengur,
þar eð aðeins það sem er í þundarflæði nær að verða hugsun.

Við lærum kóngayóga, konunglegt yóga, radja-yog,
allir fá lykilinn að höllinni.

Þekkingin í vedum er nauðsynleg nútímamönnum.
Okkur er lífsnauðsyn að skilja hana,
endurvekja hana til brúks í daglegu lífi.
Hún hefur verið okkur gleymd og glötuð of lengi.


Hún er vísindi á hærra plani en nútímavísindi,
hún er það sem þau dreymir um að vita,
það sem Einstein var að leita.

Við finnum æðstu vísindi í gegnum menningararfinn okkar.

Nú höfum fengið að gjöf hið konunglega yóga, raadja yoga, tækni sem virkar til að baða sig í ginnungagapi, nema upp fimbulrúnir,

TM-tæknin er til þess að endurstilla manninn við hið eðlilega Gungnisrím, bylgjurnar sem allt er í raun, ryþma, flæði í samhljómi.

Fullkomið samræmi, heibriðgur Gungnir.



Allt þarf að endurnæra, tvisvar á dag,
finnst þá Gungnir sem er hinn rétti,
og hann finnst auðveldlega með hinu konunglega yóga.

Stillast þá:

* sýn á og mat á kringumstæðum, því ytra, umhverfinu,
* líkaminn, hann nær snurðulausum samhljómi,
svo * „hið innra” mannlega svo sem vitsmunir og einstaklingsvitundin,
(stundum kallað hið sálvefræna samspil, þar sem hugur er æðri efni)



innst er svo að við erum ginnungagap,
gæti kallast sálin, einstaklingstilveran sjálf.

Það deyr aldri.

Án vitundar fær ekkert í veröld staðist.
Veröld er síbreytileg og hverful.

Í raam radj er stjórnandi í Þundarflæði,
konungur uppljómaður, sem stýrir í sátt við náttúrulögmálin
- sem stjórna jú alheiminum snurðulaust.

Í raam radj er ekki einhver sem stjórnar öðrum
-- einsog við höldum að konungur geri -- í veraldarvarstri,
heldur er hann holdi klædd þekking.
Þekkingin dýpsta.
Raunar hið eina sem borið getur nafnið radja, konungur.



Ekki er möguleiki á að ná fullkomnun á einni mannsævi

Á fyrstu mannsævum dröslum við Gymisgörðum, paradisos, dýrastiginu, með okkur þótt við göngum á tveim,

skepnur sem ganga uppréttar, (11.)
hafa mannlegt taugakerfi en kunna ekki með veðrmætin að fara,
eiga mikið ólært.

Einfaldast er að byrja strax að gera rannsóknir innan eigin vitundar með samsviðstækninni TM® og sinni valkyrju.

Hún ljær okkur upplifun á Ægi og ferð í Glæðheima.
Fimbulrúnir fylgja okkur til baka sem nýtast í daglegu lífi hvers manns og í lífi þjóðfélagsins í heild.

Þessum Óðsmálaskræðum, Kálpholtslækjarniðarhljóðum, er falið að ljá rökfiminna vængi og skilningnum tilverurétt í huga allra sem nema vilja.

Þörf er þeims þiggja.
Hagnýt ýta sonum öllum.

Kostur við heiðni er hve hagnýt hún er hverjum manni í nútímanum.
Hvaða nútíma sem er.

Heimspæki forfeðranna er heildstæð,
flytur þekkingum um heild lífsins.

Til hvers erum við að fæðast?
Hvernig tökum við því sem að höndum ber?
Og hvers vegna er Skuld okkar misjöfn? (33.)
Hver skapar hvað og hvernig?

Ef við missum sjónar á tilgangi lífsins, fegurð þess og gleði,
þurfum við að vera Síðhöttur, Siddhartha,
sem þýðir: markmiðið okkar er að verða tær.

Þegar við sjáum að fæðingin er okkar val,
er bara að tala við Ása-Þór (1.), kennarann góða,

skilja að þraut hver hefur sinn tilgang (33., Skuld að afgreiða)
og vinnst á ofur auðveldan hátt.

Það eru einfaldlega til Skuldarmál (33.) sem þarf að afgreiða hér og nú á
þessari okkar ævi.

Tökum þeim af léttleika.

Verðum ekki of montin af dollunni og koppnum.

Siður krefst skilnings

Siður finnst alltaf aftur þótt hann misskiljist á stundum.

Mörg eru og stig af skilningi,

lagskiptur skilningur,

en skilningurinn fer eftir vitundarstigi manns.

Hækkum það.

En hvernig?



Einfalt: týr á meiði TM og röðull í reið

Tvennt þarf saman:

* rannsókn innan vitundar án mannlegrar hugsunar,

og

* rannsóknir og skilning á sviði hugsana,.

Nauðsyn hverju mannsbarni

-- ekki hvað sízt á tímum firringar frá inntaki lífsins.

Sumir segja að þeir séu að lifa lífinu,
en vita ekki hvað það er.

Við skulum fá lánaðan fjaðurham hjá Freyju.

Við menn erum Brísingamen Freyju.

Hún ljáir okkur hann með ánægju.

Jafnvel þótt hann væri úr gulli eða silfri væri guðvelkomið að fá hann,
jafnvel gefins.

Hún veit að við erum ekki að biðja hana um að giftast Þrymi.

Hún veit að við ætlum að skilja gróður heiðarinnar sem við höfum
kannski ekki veitt nógu mikla athygli.

Hann hefur verið þarna frá órófi alda.

Við og forfeðurnir höfum gengið heiðina og séð hann þarna.

Hann sefur á veturna, vaknar á vorin.

Ilmur smárra blóm hefur alltaf fyllt vitin okkar,

og við teljum hann svo sjálfsagðan að hann er hluti af okkur.
Blóðberg og blágresi,
beitiling og einir,
sóley og smári,
silfraður mosi og reynir.

Við og forfeðurnir sofum í Helju, vöknum til næsta lífs.
Vetur sumar vor og haust,
getnaður fæðing ævi Helja,
morgunn dagur kvöld nótt,
Váli Baldur Víðarr Höður.

En til hvers að sóla hring eftir hring í þessum endalausum hringferlum,
há?
Ekki aðeins dag eftir dag, ár eftir ár, heldur ævi eftir ævi!!

Sjáðu nú til:
Allir þessir hringir eru til framþróunar.
Þetta vita nú ekki allir.

Gunnlöð sá að Suttungur átti ekki að sitja á miðinum.
Skaði tók rispu þegar Þjazi dó og reyndi að ná í Baldur í skaðabætur.
Gerður föst í paradís skildi nú eiginlega ekki að Gymir og garðurinn var
ekki framtíðin heldur stöðnun;
-- Skirnir og hún töluðu nefnilega ekki sama málið þegar hann sagði gull
og hún sagði gull.

Öskubuska úr ösku í höll,
Mjallhvít frá stjúpunni til prinsins,
Þyrnirós svaf í 100 ár í höllinni,
Brynhildur stungin svefnþorni um skeið því hún fór útaf hinni réttu
þróunarbraut í blóra við Þundarflæði,
Rauðhetta og amma komu sprellumandi úr maga úlfsins.
Þessar litlu hetjur bernsku okkar eru ekki brynjuklæddir og vopnaðir
riddarar.
Nei. Miklu fingerðari.
Þær eru þú og ég á þróunarbrautinni.

Allir segja um ævintýrin: Einu sinni var, fyrir löngu og langt í burtu.
En þau eru nú samt hér og nú.
Auðvitað dansar enginn í glerskóm, svo þetta hlaut að vera ævintýri.
auðvitað tyggja kjötætur, svo þetta var ekki raunverulegur úlfur.

Freyja veit að hún er framþróun,
lífið, endurnýjunin,
óþrjótandi lífskraftur sköpunar,

móðir nýs lífs á þróunarbraut sinni,

en þrymur þurs gömul þróunarskeið sem við höfum farið í gegnum og eru okkur því ónýt, afgreitt mál, gömul fásinna sem á að fleygja úti yztu myrkur.

Nú er himinninn heiður og skyggnið svo gott.

Fjaðurhamurinn hið þarfasta þing.

Þ.e. vitund okkar er opin fyrir hinu fingerðasta í heimi hér, og við viljum sjá uppruna alls.

Við sjáum að Gerður sem er föst í sinni paradís skilur ekki guðlegt gull þegar Skírnir talar um gull, því Gerður er upptekin af Gymisgullinu og fyrir henni er það hið skemmtilegasta gull. En það er forgengilegt og hverfult gull.

Það vitum við ekki öll ennþá.

Hinir tæru sjá,

hinir í gruggi gera grín að meintri annarra fáfræði í fáfræði sinni.

Þjóðleikhús Íslendinga setti t.d. Skírnismál upp sem porno, kynferðislega áreitni og klám, e.k. skrípaleik, þar sem Skírnir fór með tippið á Frey til Gerðar, en Guð kristinna manna sá nefnilega einmitt trúlofaða Gyðinga-stúlku í eyðimörk, stakk undan kærastanum, og sæddi stúlkuna, svo sagan er vinsæl meðal eingyðjistrúarmanna og þeirra sem aðhyllast undirgefni kvenna.

Eini munurinn virðist við fyrstu sýn og í fljótu bragði vera:

Gerður er einfaldlega frek, Miríam hlýðin og undirgefin.

En Skírnismál eru um tæra guðspeki, hið veraldlega þiggur guðlega, og þegar Miríam ól voru jól, eftir 9 mánaða meðgöngu ljóssins.

Kannski var Gerðargleði mikil uppákoma og hátíð hjá forfeðrum okkar.

Skírnismál er tær guðspeki og á andlegum nótum fyrir þeim sem skilja.

Kannski voru frjósemihorn á Gerði og menn dönsuðu of mikið(?)

Kannski fór Gerðargleðin fyrir brjóstið á einhverjum sem ekki sáu, ekki skildu, eða ekki vildu sjá og skilja hið guðlega í heiðni,

og Gerður var kannski gerð að Grýlu sem étur óþekk börn á Mörsug og Ýli. María étur ekki börn, en fabúlan er áferðarfalleg þrátt fyrir hlýðni Miríam við karl-Guð.

Svona kemur fyrir.

Hinn danski Christian Andreas Holmboe (sjá 29.) segir að orðið kölski sér úr Kalkí, og djöfull, djefill, úr tívar eða deva. Skratti gæti líka verið úr seiðskaratatitlinum, einsog Lúsífer (ljósberi) varð að djöfli. Eða skratti skylt skratta hlæja á sænsku.

Við svífum í gandreid yfir heiðina sem hefur verið þarna í þúsundir ára. Við sjáum að tíminn er níu nætur.

Það er einsog við séum að sjá allt í fyrsta sinn, sannaðu til. Útsýnið er svo fagurt. Svona sér fuglinn landið, og nú er einsog við skiljum fuglamál.

Heimdallur heyrir grasið gróa og ullina vaxa. Það er það sem við ætlum líka að gera. Heyrnin á við rúmið, tómið, hina fingerðustu af höfuðskepnunum fimm. Og við aðdráttaraflið líka.

Móðir Jörð gætir okkar, og við getum horft á heiðina fornu fegurri en við höfum nokkurn tíma hugsað úti fyrr. Það sýnir bara að við erum að komast á fingerðari stig við þessa gandreid.

Einhver sagði að gróðurinn á heiðinni væri bara illgresi. Einhver sagði líka að vond skessa byggi í fjöllunum og tryllti okkur og tældi til sín þannig að við ættum aldrei afturkvæmt í mannheima. En hún á kistu fulla af verðmætum og líklega líka fjöregg, eftir því sem menn segja.

Kannski er þessi meinta skessa (36.) aðeins móðir náttúra sem við dýrðuðum of mikið að mati þröngsýnna manna. Svo mannætuskessan er þá bara uppspuni og Grýla. Kolugur um kjaftinn þýddi meðal skessanna: búinn að supla sakramenti og þar með óætur með öllu.

Þetta með illgresið gæti því verið lygi líka.

Það er nefnilega launsögn í hverju blómi. Enginn ljáði okkur lykilinn að táknmálinu. Afi og amma voru búin að týna honum fyrir svo löngu að þau voru löngu hætt að leita hans. Honum hafði verið fleygt í Drekkingsarhyl. Þar var ófæddum börnum drekkt með mæðrum sínum, ungum saklausum stúlkum sem nauðgað hafði verið. Slík var grimmdin á myrkum öldum kerfistrúarbragða á Íslandi.

En nú fá goðsagnirnar lítinn ástarkoss og við vöknum af Þyrnirósar-svefninum langa.

Kvæðin okkar og goðsagnir eru á táknmáli.
Aðeins hinn sjáandi sér hið sanna í þeim.
Sögurnar lifa mann fram af manni, kynslóð eftir kynslóð, þótt ekki allir skilji.
Lifa á vörum manna, því sannleikurinn getur ekki dáíð.
Og við svífum upp í himinninn og horfum á veröldina eins og fuglinn fljúgandi.
Líklega bjargaði táknmálið menningararfinum okkar.

Loftið er tært hér norðurfrá.
Við sjáum hve víðfeðm heiðin er. Nærri óendanleg.
Himinninn mætir hafinu í fjarska þar sem kúla jarðar hvelfist frá hafinu okkar.

Í lofthjúpi jarðar móður okkar, er Svalinn.
Æ, við hefðum átt að hlusta á visku forfeðranna!
Eigi vera gráðug, takið ei meira næfra en þörf krefur.
Svalinn má ekki falla frá.
Þá brenna hauður og haf.

Himinninn og Ægir, og heiðin með hinum fegurstu litríku smáblómum, sem eru e.t.v. aðeins nokkrir sentimetrar á hæð, í skjóli milli mosa- og skófasteina til þess að Hræsvelgur tæti þau ekki upp, teygja krónur sínar móti sólu, gæta fræjanna sinna, treysta ræturnar sínar.
Lifa af frosthörkur vetranna.

Enginn veit af hvers rótum rennur allt þetta líf.
Glaðheimar, gleði og gleikkun innan hvers manns.
Enginn veit af hvers rótum rennur.

Við sjáum nú að við erum í feluleik.
Við erum að leita að einhverju sem við vitum að er þarna.

Slæmt er, að þau okkar sem ekki fá léðan fjaðurham, vita ekki að við erum að leita að þessu sem við vitum að er þarna -- en sést ekki með veraldlegu augunum okkar.

Menn leita að skemmtilegum leikjum allt lífið,
fara í feluleik til að leita einhvers,
en missa af hinum merkilegasta og eina þess virði:

að finna okkur sjálf í víðfeðminu.

Við sjáum nú stokka og steina.

Heiðin er að tala við okkur.

Þessir lágu kjarrrunnar og þetta veðurbarða grjót eru að minna okkur á að leita. Þau eru stokkar og steinar sem minna á ginnungagap innan sín.


Þau eru til að leiða hugann innávið.

Innan grjóts er ginnungagap óvirkt, en innan trésins er það virkt.

Augu sjá stökk og stein, en hugurinn sér upprunann.

Þá verðum við undrandi og fyllumst virðingu fyrir lífinu og ást á öllu sem er.

Við erum einnig þessi veröld og þessi uppruni.



(26., höfuðskepnur verða til)

Ymir og eldhúsið í Valhöllu

Kvæðin okkar og sögurnar innihalda sannleika innan sannleika innan sannleika, sem opnast upp, rétt einsog hríslan og grjótið segi okkur að þau búi yfir æ æðri merkingu eftir því hversu langt innávið við förum.

Og þar finnum við það sem er eilíft og breytist aldrei.

Svo skurðgoð af Frey og Þór, Jesú, Óðni og Nirði, eru aðeins leiðarvísar og táknmál um lífið og tilgang þess, rétt eins og stokkar og steinar, til að minna okkur á að leita og skilja.

Veraldlegt, en minnir okkur á að mannleg vitund er að leita.

Við ættum eiginlega ekki að trúá á neitt svona veraldlegt, heldur skoða stokka og steina sem hvatningu um að leita hins innsta, hins æðsta.

Það finnst í öllu, en leitum innan okkar sjálfra.

Við skulum vera nokkuð viss um að kroppurinn okkar og allt hitt dótið er ekki til orðið úr engu, er ekki uppi haldið af engu, og guðin okkar eru að minna okkur á það, upprunann, þróunina og tilganginn.

Ólafur reið með björgum fram, villir og stillir, og hittir fyrir álfarann hvar rauður loginn brennur. (23., Ólafur betrumbættur)

Álfameyjar, með gullkönnu og fleira dýrmætt, bjóða honum að ganga í bjargið og búa með þeim.

Liljurós segir já takk og nýtur gnægta, birtu og hinnar dýpstu þekkingar álfanna æ síðan.

Honum líður sem hann sé Óðinn í Gunnlaðar Hnitbjörgum umvafinn ást og gestrisni að þamba mjöð vizkunnar, Kvasis blóð, sónarmjaðarflæði, úr fullum gullkönnum, búinn að finna hellinn góða í björgunum sem við þurfum að opna.

Ljóð Göthes heitir Der Erlkönig. Deyjandi drengur með óráð á flengireið um skóginn í fangi föður síns. Mein Vater, mein Vater. Hvað er svona slæmt við álfakónginn?

Við sjáum það nú ekki á okkar gandreið um himininn yfir heiðinni.

Okkur finnst við vera táníngar.

Táníngar vita oft að allt er hægt, allt er mögulegt.

Við segjum skilið við innprentanir uppeldisins,

reynum að standa á eigin fótum,

og erum viss um að við eigum heilmikið í vændum og lífið er framundan.

Við ættum þá bara að sjá að lífið er ekki fineríið og dótariíð hennar Gerðar í Gymisgörðum.

Við ættum að sjá að Freyja lánar okkur fjaðurham til þess að við sjáum vítt og breitt og djúpt.

Sjáum heiðina í nýju ljósi.

Peningablóm og Púkablóm eru líka andleg dýrmæti þegar við svífum svona hátt og erum svona víðsýn.

Raunar ekkert nýtt sem við sáum.

Við litum það aðeins öðrum augum.

Við höfum raunar alltaf vitað þetta.

Það er svona með sannleikann, að við sjáum hann ekki.

Hann er svo sjálfsagður og eðlilegur.

Við erum hann.

Hætta er á að við förum að hugsa um annað og gleymum hver við erum í raun.

Þegar við lendum aftur erum við ekki samir menn.

Við höfum opnað augun fyrir eilífðinni og getum aldrei aftur hætt að leita sannleikans,

við höfum fundið hann og skiljum að við erum hann.

Skessan í fjallinu hefur tryllt okkur þannig að mannheimar eru nú, í okkar huga, staður til að leita og skilja.

Lífið er til að finna endalaus vidd og hamingju og gleði Glæðheima vitundar í mjaðarflæði Óðins.

*-Þetta var yndislegt ferðalag yfir heiðina !
Þakka ykkur fyrir !*



ISBN 978-9935-409-33-1

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar) raastram (ríkinu), विश्व शान्ति राखम् . महर्षि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar. Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála / „stjórnarskrá alheims”. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvisindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lífa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिबद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-,

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun.

Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -visindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkomnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hvernar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lífa Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru.

Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð“ sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rótföstum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnnaðar“ íslenzkri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenzka menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharmā). परधर्म (paradharmā), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og tákniál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað íð hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður“ gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellumifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtalækjarhljóð
Goþrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
